

„*Þat* uar langr time síþan hann hafdi messu heyrtr“

Lítill athugun á samspili þriggja málbreytinga í Miðaldaævintýrum

1. Inngangur

Því er yfirleitt haldið fram að gervifrumlagið eða leppurinn *það* (fisl. *þat*) komi ekki fyrir í forníslensku og því hefur verið amast við notkun þess í nútímamáli (sjá t.d. Jakob Jóhannes Smári 1920:21-22 og nánar um leppi í kafla 2.1 og 2.4). Jón Helgason (1948:316) hefur bent á fjölda dæma um leppinn í sögunni af *Nikulási Klím* frá 1745 og athugun Þorbjargar Hróarsdóttur (1998) á leppum í eldri íslensku sýnir einnig að *það*-innskot er komið inn í mál bréfitara sem eru fæddir um 1730, þó að eldri dæmi komi fyrir. Elsta dæmi sem tilfært hefur verið um leppinn í forníslensku er úr *Miðaldaævintýrum* (sbr. Eirík Rögnvaldsson (2002) sem hefur tvö dæmi þaðan). Elsta handrit textans er frá því um 1500 en þýðingin er talin vera frá seinni hluta 15. aldar. Þar af leiðir að verkið telst til yngsta málstigs forníslensku.

Þorbjörg (1998) telur líkur á að tengsl séu milli lækkandi tíðni stílfærslu í forn- og miðíslensku, hvarfs núllliða og *það*-innskots, einkum vegna þess að þessar þrjár breytingar verði á svipuðum tíma. Þar sem ætla má að þýðandi (eða skrifari) *Miðaldaævintýra* hafi haft, eða hafi getað haft, leppi í setningum og að breytingin sé þar að hefjast, er fróðlegt að athuga hvernig hann hagar máli sínu að öðru leyti. Þetta er til dæmis hægt að gera með því að skoða hvort einhverjar breytingar séu á notkun stílfærslu til þess að fylla frumlagseyður, því ætla má að slíkt sé í samkeppni við leppi um pláss í setningunni, og eins með því að athuga hvort notkun núllliða hafi minnkað eða takmarkast frá því sem áður var.

Í 2. kafla er fjallað um málbreytingarnar þrjár: kafla 2.1 er helgaður leppnum *það* með nokkrum samanburði við önnur mál, í kafla 2.2 er fjallað um stílfærslu og tengsl hennar við leppi og í kafla 2.3 eru núllliðir kynntir til sögunnar með dæmum úr nútímamáli og forníslensku. Í kafla 2.4 er fjallað um leppi í eldri íslensku. Í 3.1 er greint frá athuguninni sem hér birtist og textanum sem var valinn. Í kafla 3.2 eru sýnd dæmi úr textanum um þau atriði sem voru til umfjöllunar í köflum 2.1-2.3. Í kafla 3.2.1 er þeirri spurningu varpað fram hvort textanum sé treystandi þar sem hann er þýddur og er henni svarað játandi. Í kafla 3.2.2 er fjallað um stílfærslu í textanum og komist að þeirri niðurstöðu að svo sé að sjá sem hún sé enn mjög virk. Um núllliði, sem einnig eru tíðir, er rætt í kafla 3.2.3, og loks er rætt um leppi í kafla 3.2.4, þar sem sýnd eru dæmi um tvenns konar leppi sem koma fyrir í textanum. Ritgerðinni lýkur með 4. kafla þar sem dregnar eru saman helstu niðurstöður auk lokaorða.

2.0 Af þremur málbreytingum

2.1 Leppurinn það í íslensku

Í nútímamáli er algengt að skotið sé inn merkingarlausu smáorði, *það*, í setningar sem ella myndu hefjast á sagnorði. Þetta á við um dæmi á borð við (1) með veðurfarssögninni *rigna*:

- (1) a * ___ Rignir mikið í Bergen
b **Það** rignir mikið í Bergen

Í dæmi (1b) hefur frumlagseyða sem táknuð er með ___ verið fyllt með smáorðinu *það*. Þetta smáorð er gjarna nefnt **leppur** (e. *expletive*) ef það er merkingarlaust og felur ekki í sér neina tilvísun (sjá nánar t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 1992:284-307, Friðrik Magnússon 1990 og yfirlit hjá Höskuldi Þráinssyni (2005:336-341) um leppi í nútímaíslensku). Dæmi (1a) er hins vegar ótækt. Til þessa atriðis tekur hið svokallaða **EPP**-skilyrði en því mætti lýsa sem svo að fylla verði frumlagssæti setningarinnar með því að flytja einhvern nafnlið þangað svo að hún hefjist ekki á sögn. Innan naumhyggjumálfræðinnar væru málfræðingar vísir með að tengja þetta **þáttum** (e. *features*) og að segja að tiltekinn þátt á beygingarhausnum verði að **gáta** (e. *check*) vegna þess að hann sé **ótúlkandi** (e. *uninterpretable*) (sbr. t.d. Adger 2004:211-222).

Til þess að setning sé tæk er því nauðsynlegt að allir ótúlkandi þættir séu gátaðir, ella er setningin ótæk. Það sem átt er við með að setning sé ótæk er því einfaldlega það að á leið til fullgerðrar setningar séu tilteknir þættir gátaðir, rökliðum úthlutað merkingarhlutverki þannig að eitthvað flytjist í ákvæðislið liðar og sé því í gátunarfæri við viðkomandi haus, og þetta nefnt afleiðsla (e. *derivation*), sem ýmist gengur eins og í sögu ef tekst að gáta þættina (= tæk setning), eða afleiðslan hrynur (= ótæk setning). Þetta myndi þá þýða að í dæmi (1a) hefði beygingarhausinn EPP-þátt sem ekki hefur verið gátaður, þar sem ekkert hefur færst í ákvæðislið beygingarliðarins; þar með hrynur afleiðslan. Í (1b) er hins vegar hægt að gáta EPP-þáttinn á beygingarhausnum þegar leppurinn *það* fyllir ákvæðislið beygingarliðarins, þar sem hann er **grunnmyndaður** (e. *base-generated*), og kemst því þar með í gátunarfæri við hausinn.¹

Gera verður greinarmun á annars vegar leppnum *það* í (1b) hér að ofan og hins vegar *það* í (2) sem sýnir dæmi um **fráfærslu** (e. *extraposition*) eða *það* með tilvísun í fyrri umræðu í (3):

- (2) a. **Það**_i er satt [að tvisvar þrír eru sex];
b. Er **það**_i satt [að tvisvar þrír eru sex];?
(3) Páll sá ógurlegt bjarndyr_i í þokunni.
Það_i æddi í áttina að honum.

¹ Sá munur er því á lepp annars vegar, og t.d. stílfærslu hins vegar (sjá nánar í kafla 2.2), að lepp er skotið inn í eyðu (= grunnmyndun) en með stílfærslu er einhver liður sem fyrir er í setningunni fluttur til vinstri til þess að fylla eyðuna.

Í (2) og (3) er sýnt með vísun að *það* vísar til einhvers annars í setningunni (dæmi (2)) eða einhvers sem nefnt hefur verið áður (dæmi (3)). Ef *það* hefur tilvísun helst *það* ef mynduð er spurnarsetning, eins og sýnt er í dæmi (2b). *Það* á þó ekki við í tilvikum þar sem *það* er leppur því að þá hverfur leppurinn. Slíkt er því hægt að hafa til marks um leppseðli þessara smáorða:

- (4) a **Það** rignir mikið í Bergen
 b *Rignir **það** mikið í Bergen?
 c Rignir mikið í Bergen?

Dæmi (4b) sýnir að spurning með leppnum er ótæk en samsvarandi setning í (4c) án leppsins er aftur á móti tæk. Hér er þó munur á íslensku og t.d. dönsku og hollensku, þar sem leppirnir eru skyldubundnir, jafnvel í spurnarsetningum:

- (5) a **Det** regner i Bergen
 b Regner **det** i Bergen?
 c *Regner i Bergen?
- (6) a **Het** regent in Bergen
 b Regent **het** in Bergen?
 c *Regent in Bergen?

Leppir koma þó fyrir með öðrum sögnum en veðurfarssögnum. Dæmi um helstu gerðir leppsetninga eru sýnd í (7), til viðbótar við veðurfarssetninguna í (4a) hér á undan (sbr. Höskuldur Þráinsson 2005:336-338, 2007:310-311):

- (7) a **Það** búa tröll / *tröllin í fjöllumum (tilvistarsetningar)
 b **Það** bráðnaði stórt stykki / *stóra stykkið af jöklinum (þolfallsleysisagnir)
 c **Það** hlupu þrjár rollur/*rollurnar yfir veginn (setn. með öðrum áhrifslausum sögnum)
 d **Það** voru dregnir út þrír vinningar / *vinningarnir (leppsetningar í þolmynd)
 e **Það** veiddust þrjár laxar / *laxarnir í fyrra (leppsetningar í miðmynd)
 f **Það** beit maður / *maðurinn hund á réttardansleiknum (leppsetningar með áhrifssögn)
 g **Það** var dansað til miðnættis (ópersónuleg þolmynd)
 h **Það** er ekki hlæjandi að þessu (ópersónulegur lýsingarháttur nútíðar)
 i **Það** má ekki ganga á grasinu (ópersónuleg setningagerð með háttarsögnum)

Eins og sýnt er í (7) gildir um allar tækar setningagerðir með leppum að frumlagið sem leppurinn á við, öðru nafni **leppfélaginn**, er óákveðinn. Slíku er vitaskuld ekki til að dreifa í ópersónulegum setningagerðum eins og í (7g-i) sem eru án frumlags.²

Leppir eru einnig mögulegir í aukasetningum þó að meiri hömlur séu á þeim í þeirri stöðu en í aðalsetningum (sjá t.d. rækilega úttekt á mismunandi tegundum aukasetninga hjá Friðriki Magnússyni (1994); dæmin í (8) frá Eiríki Rögnvaldssyni og Höskuldi Þráinssyni

² Ákveðnihamlan er þó ekki alveg algild og vel er hægt að finna tæk dæmi með *það*-innskoti þar sem ákveðinn liður kemur fyrir. Sjá nánar um þetta atriði hjá t.d. Höskuldi Þráinssyni (2007:324-327) og í ritum sem þar er vitnað til.

(1990:29-31)).

- (8) a Ég fer, ef það getur enginn gert þetta
b Mér leið strax betur þegar það fór að hlýna
c Ég kem í kvöld, nema það komi gestir til mín
d Ég veit að það hefur enginn lesið bókina
e Ég spurði hvort það hefðu margir komið í veisluna
f Þetta er maðurinn sem það var talað við ___ í sjónvarpinu í gær

Í þessum dæmum sést að leppurinn getur komið á eftir atvikstengingunum *ef*, *þegar* og *nema* og eins í aukasetningum tengdum með aukatengingunni *að* og spurnartengingunni *hvort*. Hins vegar er erfiðara að finna góðar setningar með *það*-innskoti í tilvísunarsetningum á b.v. (8f).

Þó að orðið *það* sé í öllum tilvikum notað sem leppur í íslensku er því ekki þannig farið í sumum öðrum skyldum tungumálum. Svo að enn sé dæmi tekið af hollensku eru um leppi höfð tvö ólík orð þar sem í íslensku er aðeins eitt, allt eftir merkingu og gerð (sjá t.d. umræðu hjá Falk 1993:67-78):

- (9) a **Het** sneeuwde gisteren (10) a **Það** snjóaði í gær
b **Er** werd de hele nacht gedanst b **Það** var dansað alla nóttina

Oft er þessum mun lýst sem svo að í hollensku (og t.d. ensku og dönsku) sé *het* (e. *it*, d. *det*) notað með **hálfildings rökliðum** (e. *quasi-argument*, *non-referential argument*) en *er* (e. *there*, d. *der*) er aftur á móti haft um **raunverulega leppi** (e. *expletive*, *non-referential non-argument*) (sbr. t.d. Falk 1993:67-71 og Eiríkur Rögnvaldsson 2002:14). Munurinn felst þá einkum í því að með „venjulegum“ röklið væri notað t.d. persónufornafn sem hefði tilvísun (t.d. *hann hleypur*), með hálfildings röklið væri átt við dæmi á borð við (9a) og (10a), þar sem segja má að um eins konar röklið sagnarinnar *snjóa* sé að ræða (sbr. t.d. að hægt er að segja *hann snjóar*).³ Raunverulegir leppir teljast hins vegar ekki til rökliða sagnarinnar eins og gildir um dæmi (9b) og (10b). Þar eru engin tengsl milli sagnarinnar *dansa* og leppsins *það*, andspænis t.d. *það var dansaður vals alla nóttina*, þar sem *vals* væri rökliður sagnarinnar.

Snúum okkur nú næst að stílfærslu sem hugsanlegt er að beita í stað þess að skjóta inn lepp og þeim spurningum sem það samspil vekur um eðli leppa og stílfærslu.

2.2 Stílfærsla: *sessunautur* eða *keppinautur*?

Frá því að Maling (1980) veitti því fyrst manna eftirtekt að munur væri á færslu liða fremst í

³ Ef til vill er þó einhver munur á íslensku andspænis öðrum nágrannamálunum að því er varðar leppi og hálfildings rökliði, því að *það*-ið í *það rignir* hverfur ef setningunni er snúið í spurningu, sbr. dæmi (4c) andspænis (5c) og (6c).

setningum á borð við þær sem sýndar eru í (11) andspænis (12), hafa málfræðingar deilt um réttmæti þess að greina þessar færslur á ólíka vegu, sem og hver setningarlega staða færða liðarins er í (12b) (dæmin í (11) sbr. Eiríkur Rögnvaldsson 1990a:74-75 og Maling 1980:182)

- (11) a Honum mætti standa á sama, hvað ___ hefði verið sagt um hann
 b Honum mætti standa á sama, hvað *um hann* hefði verið sagt
 c Honum mætti standa á sama, hvað *um hann* hefði **Hjördís** sagt
- (12) a Honum mætti standa á sama, hvað ___ væri sagt um hann
 b Honum mætti standa á sama, hvað *sagt_i* væri ____i um hann
 c *Honum mætti standa á sama, hvað *sagt_i* hefði **Hjördís** ____i um hann

Dæmunum er ætlað að sýna að munur sé á hvað hægt er að flytja til í setningunni eftir því hvort í setningunni er frumlagseyða. Dæmi (11b) sýnir færslu á forsetningarliðnum *um hann* en sú færsla gengur undir nafninu **kjarnafærsla** (e. *topicalisation*). Eins og sjá má er dæmið í (11c) með kjarnafærðum forsetningarlið tæk setning þrátt fyrir að þar sé engin frumlagseyða; *Hjördís* er þar frumlag. Í dæmunum í (12) er þessu öðruvísi farið. Í (12b) hefur lýsingarháttur þátíðar af sögninni *segja* verið fluttur til vinstri svo úr verður tæk setning. Setning (12c) er hins vegar með sýnilegu frumlagi, *Hjördís*, og er ótæk. Færsluna í (12b,c) nefnir Maling **stílfærslu** (e. *stylistic fronting*). Til samanburðar er stílfærsla ekki möguleg í meginlands-málunum norsku, dönsku og sænsku en í fyrndinni virðist sænska að minnsta kosti hafa haft slíka færslu, alveg fram á 16. og 17. öld, eða allt þar til málið missti sagnfærslu í beygingarlið (sjá t.d. Falk 1993:178, Holmberg 2000:451 og rit sem þar er vitnað til).

Maling (1980:180) gerir þá aðgreiningu á kjarnafærslu og stílfærslu sem sýnd er í (13) (sjá einnig umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni (2005:579-585)):

(13)	KJARNAFÆRSLA	STÍLFÆRSLA
	Færir NL sem eru andlög, FL, o.s.frv.	Færir lh.þt., lo., sum ao., agnir, o.s.frv.
	Áhersla eða fókus á færða liði	Ekki endilega áhersla eða fókus á færða liði ⁴
	Óalgeng í aukasetningum	Algeng í aukasetningum
	Misjafnir dómar í skýringarsetningum, spurnarsetningum, o.s.frv.	Samþykkt af öllum málnotendum

⁴ Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson (2004) gerir mikið úr því að stílfærsla feli í sér merkingarmun (áherslu), ekki ósvipað kjarnafærslu, en ekki blasir við að það sé stílfærslan sem slík sem hafi það í för með sér. Holmberg (2000) greinir stílfærslu hins vegar á þann hátt að ekki sé um merkingarmun að ræða, og reyndar útilokar greining hans alfarið að merkingarmunur sé mögulegur þar sem hann gerir ráð fyrir að *það*-innskot sé háð hljóðfræðilegum þáttum. Miðað við hugmyndir innan naumhyggjumálfræðinnar ætti *það* því að birtast í setningunni við útskrift (e. *spell out*) hennar, í tengslum við þætti sem hefðu hljóðgildi en ekki vegna einhverra merkingarlegra þátta sem myndu orka fyrr í afleiðslunni. Sjá gagnrýna umfjöllun um tilgátur Gunnars og Holmbergs hjá Höskuldi Þráinssyni (2007:385-389).

Ekki klausubundin
Krefst ekki frumlagseyðu

Klausubundin
Krefst frumlagseyðu

Eiríkur Rögnvaldsson (1990a) fellst ekki á þá aðgreinandi þætti milli kjarnafærslu og stílfærslu sem Maling (1980) ténir til. Hann hafnar því að stílfærsla sé skilyrðislaust klausubundin og segir að dæmi Maling sýni eingöngu að stílfærsla krefjist frumlagseyðu en ekki að munur sé á stílfærslu og kjarnafærslu, sem einnig sé betri með frumlagseyðu (sjá Eiríkur Rögnvaldsson 1990a:73-75). Eiríkur bendir á samsvarandi dæmi með kjarnafærslu og að þau séu einnig vond, þvert á það sem við mætti búast:

- (14) a *Honum mætti standa á sama, hvað *í gær*_i hefði Hjördís um hann _____i
b *Það var hætt að rigna, þegar *til Akureyrar*_i var rútan komin _____i
c *Verðbólgan varð verri en *í fyrra*_i hafði ríkisstjórnin búist við _____i

Eiríkur ræður af þessu að ekki sé neinn skýr munur á hvaða liði stílfærsla andspænis kjarnafærslu færi og að sá munur sem á þeim sé, sé bitamunur en ekki fjár. Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson (1990) hafna því einnig að einhver setningafræðilegur munur sé á kjarnafærslu og stílfærslu en nefna þann möguleika að kalla kjarnafærslu með frumlagseyðu stílfærslu, óháð því hvers konar liði hún flytur.

Maling (1980:184-185) nefnir dæmi um frestun óákveðins nafnliðar (e. *indefinite NP-postposing*) þar sem sýnt er að ef nafnliðurinn er ákveðinn er hvorki hægt að nota leppinn *það* til þess að fylla frumlagseyðu né að beita stílfærslu:

- (15) a **Það* eru **trésmiðirnir** í bænum
b *Það* eru **nokkrir trésmiðir** í bænum

Samsvarandi dæmi með stílfærslu í aukasetningu sýnir að sömu takmarkanir gilda um hana:

- (16) a *Hún benti á bæinn, þar sem *byrjað*_i höfðu **trésmiðirnir** _____i með engum efnun og orðið heimsfrægir síðar
b Hún benti á bæinn, þar sem *byrjað* höfðu **nokkrir trésmiðir** _____i með engum efnun og orðið heimsfrægir síðar

Þessi dæmi benda til þess að tengsl séu á milli stílfærslu og *það*-innskots og jafnframt má leiða að því líkur að hvort tveggja sé bundið á sama klafann. Lítum t.d. næst á dæmi þar sem stílfærsla og *það*-innskot virðist vera í fyllidreifingu (sbr. dæmi (11) hér á undan):

- (17) a Honum mætti standa á sama, hvað ____ hefði verið sagt um hann
b Honum mætti standa á sama, hvað *sagt*_i hefði verið _____i um hann
c Honum mætti standa á sama, hvað *það* hefði verið sagt um hann

d *Honum mætti standa á sama, hvað *það sagt_i / sagt_i það* hefði verið ____i um hann

Í dæmi (17b) hefur lýsingarhátturinn *sagt* verið fluttur í frumlagseyðuna sem var í (17a), og í (17c) hefur *það* verið skotið inn. Dæmi (17d) sýnir enn fremur að ekki er hægt að hafa hvort tveggja leppinn og lýsingarháttinn og mætti því draga þá ályktun að þeir kepptu um sæti í setningunni. Þó virðist þetta vera varasamt, því að setning með kjarnafærðum lið virðist með þessum rökum einnig keppa við lepp um sæti:

(18) a Honum mætti standa á sama, hvað *um hann_i* hefði verið sagt ____i

b *Honum mætti standa á sama, hvað *það um hann_i / um hann_i það* hefði verið sagt ____i

Hér sést að hvorki er hægt að nota lepp með stílfærðum lið né heldur kjarnafærðum. Af þessum dæmum virðist því frekar um að ræða reglu sem kveði á um að í setningum sé æskilegt að hafa frumlag, sbr. hið svokallaða EPP-skilyrði hér á undan, þ.e. að setning hefjist ekki á sögninni.

Samkvæmt greiningu Maling (1980) er stílfærður liður (og *það*-innskot) í frumlagssæti setningarinnar en af þeirri greiningu má draga þá ályktun að þar sé um að ræða ákvæðislið beygingarliðar. Kjarnafærsla felur í sér merkingarmun öfugt við stílfærslu og því er eðlilegt að greina þessar tvær færslur að. Merkingarmunurinn bendir enn fremur til þess að kjarnafærsla sé því færsla í eitthvert annað pláss en stílfærsla, þ.e. í ákvæðislið tengiliðar eins og almennt er talið (sjá t.d. umræðu hjá Höskuldi Þráinssyni (2007:385-390)).

Jóhannes Gísli Jónsson (1991) hefur bent á að þar sem stílfærsla flytur litlar einingar fremur en stórar, þ.e. hausa (t.d. *stöð* atviksorð, o.s.frv.) fremur en heila liði, sé ósennilegt að lendingarstaður færða liðarins sé í ákvæðislið beygingarliðar þar sem það sé strangt tiltekið ekki staða sem leyfi hausa.⁵ Þess í stað stingur hann upp á að greina stílfærslu sem viðhengingu hauss beint við beygingarliðinn. Vandamálið við greiningu Jóhannesar er að hún spáir í raun fyrir um að eitthvert orð ætti að geta staðið á undan stílfærða liðnum, t.d. leppur. Slík setning væri í ætt við (17d), sem er ótæk. Þar sem svo virðist sem stílfærsla keppi við leppi um sæti, úr því að annað útilokar hitt, hafa málfræðingar því áfram reynt að skýra stílfærslu sem færslu í ákvæðislið beygingarliðarins (sjá t.d. Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson 1990 og Holmberg 2000).

Látum nú þessu stutta yfirliti yfir helstu hugmyndir um stílfærslu lokið og snúum okkur að þriðja og síðasta málfræðiatriðinu sem sérstaklega var tekið fyrir í athuguninni, núlliðum.

⁵ Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson (1990:28-29) nefna einnig viðhengingu við beygingarlið sem möguleika, eftir ábendingu frá Halldóri Ármanni Sigurðssyni, en útfæra þá hugmynd ekki mikið nánar.

2.3 Núlliðir

Núlliðir er það kallað þegar eyður eru í setningum fyrir t.d. frumlag eða andlag, þ.e. þar sem gera má ráð fyrir að slíkur liður sé meintur en er án hljóðfræðilegs innihalds (sjá t.d. Höskuldur Þráinsson 2005:341-349). Dæmi um slíkt í nútímamáli er t.d. eftirfarandi um eyðu fyrir frumlag í nútímamáli (sbr. Eiríkur Rögnvaldsson 1990b:367, *e* tákna hér ‘eyða’):

- (19) a Við vorum þreyttir og okkur fannst myndin leiðinleg
b **Við_i** vorum þreyttir og *e_i* fannst myndin leiðinleg

Dæmi af þessu tagi, þar sem eyða fyrir frumlag vísar til mállegs undanfara í hliðskipaðri setningu, eru algeng í nútímamáli. Hins vegar er sjaldgæfara að eyðan vísi til andlags eins og sýnt er í dæmi (20) (byggt á Eiríkur Rögnvaldsson 1990b:369):

- (20) a Ég tók **blaðið_i** og braut *e_i* saman
b *Ég tók **blaðið_i** og ég braut *e_i* saman

Í nútímamáli er hægt að eyða andlagi því aðeins að það standi í hliðskipaðri setningu og að það vísi til andlags fyrri setningarinnar (sbr. Eiríkur Rögnvaldsson 1990b:375-378).⁶

Þóra Björk Hjartardóttir (1993) hefur rannsakað núlliði í forníslensku og komist að þeirri niðurstöðu að í fornu máli séu dæmi um núlliði í frumlagsstöðu með mállegum undanfara (frumlag, andlag, forsetningarandlag eða einkunn), eftir málsamhengi eða án undanfara (sbr. Þóra Björk Hjartardóttir 1993:45-55). Um núlliði í andlagsstöðu hefur Þóra (1993:55-63) dæmi þar sem andlag er undanfari (í hliðskipuðum og undirskipuðum setningum) og þar sem undanfarinn er í annarri setningastöðu (frumlag, forsetningarandlag eða einkunn). Loks hefur Þóra (1993:61-63) dæmi sem sýna að núlliðir fyrir forsetningarandlög hegða sér eins og núlliðir fyrir önnur andlög.

Í (21) eru sýnd dæmi um núlliði í forníslensku sem ótækir eru í nútímamáli (sbr. Þóra Björk Hjartardóttir 1993:47-57 og rit sem þar er vitnað til):

- (21) a en myrgininn árla hefir hann_i sik á fótum, var ____i maðr á léttasta aldri
b það Finnbogi þa_i riða ok það af ser hefia. Riða ____i vt a fellit ok koma vnder einn stein mikinn
c Þar var drukkið með ákafa, því ei varð áð, og hlóðum ___ eina vörðu til

⁶ Eiríkur Rögnvaldsson (1990:375-376) telur enga sérstaka setningafræðilega ástæðu fyrir því að andlagseyður séu síður algengar en frumlagseyður, heldur stafi það af því að eyður séu til marks um að eyddi liðurinn sé umræðuefnið (e. topic) og að oftast séu frumlög umræðuefni en andlög. Þá þarf hins vegar að skýra af hverju andlagseyður voru algengari að fornu.

Í dæmi (21a) er frumlagseyða sem ekki væri möguleg í nútímamáli, e.t.v. vegna þess að ekki er um tengdar setningar að ræða. Í dæmi (21b) sést að frumlagseyða getur í fornmáli haft *andlag* annarrar málsgreinar sem undanfara og dæmi (21c) sýnir að ekki þarf að vera neinn sérstakur undanfari; hann má ráða af samhenginu. Þóra (1993:54) segir að slík dæmi sé einungis að finna í hliðskipuðum setningum (sjá þó kafla 3.2.3 hér á eftir, dæmi (38)).

Núlliðir í forníslensku koma því aðeins fyrir að upplýsingarnar sem þeir flytja séu gamlar, þ.e. að þeir hafi beinan undanfara eða að í þá megi ráða af textasamhenginu (Þóra Björk Hjartardóttir 1993:85-88). Þetta atriði er þó einungis skilyrði fyrir því að hægt sé að nota núlliði. Samræmi milli núlliðarins og sagnarinnar þarf einnig að vera fyrir hendi ef um er að ræða núllið án undanfara, sem útilokar núlliði með sögnum með aukafallsfrumlagi þar sem ekkert samræmi er, og núlliðir í aukasetningum ganga einvörðungu ef þeir hafa undanfara í málsgreininni (Þóra Björk Hjartardóttir 1993:88-89).

Þorbjörg Hróarsdóttir (1998) athugaði þróun þriggja málbreytinga, núlliða, *það*-innskots og breytinga á orðaröð í sagnlið. Hún komst að þeirri niðurstöðu að þeir núlliðir sem einkennandi voru fyrir fornmál en leyfast ekki í nútímamáli hafi tekið að hverfa hratt um og eftir 1800, þ.e. í máli þeirra sem eru fæddir á síðari helmingi 18. aldar (Þorbjörg Hróarsdóttir 1998:140-143). Þorbjörg segir ennfremur að breytingatími þessara þriggja málbreytinga skarist, sem bendi til þess að þær séu tengdar (sbr. Þorbjörg Hróarsdóttir 1998:149-159). Hún telur breytinguna á núlliðum hafa orðið vegna þess að sagnir hafi hætt að taka fylliliði sína vinstra megin við sig og þar með verður einnig óleyfilegt að andlag komi fram á undan sögninni, eins og tíðkaðist í „eldra nýmáli“ (sbr. Jakob Jóhannes Smári 1920:261-262). Hugmyndin er þá sú að áður hafi hver málnotandi haft yfir að ráða kerfi sem gerði andlögum kleift að standa ýmist á undan eða á eftir sögninni (sbr. einnig umræðu hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1994-1995)). Með breytingunni verður grundvallarorðaröðin hins vegar alltaf FSA (frumlag-sögn-andlag) en ekki FAS (frumlag-andlag-sögn).

2.4 Fyrri umræða um leppi í eldri íslensku

Í forníslensku eru leppir ekki nándar nærri eins tíðir og í nútímamáli og notkun þeirra virðist raunar ekki verða algeng fyrr en á 18. öld (sbr. Þorbjörg Hróarsdóttir 1998). Dæmi hafa þó fundist um leppi í eldra máli (sjá einkum Eiríkur Rögnvaldsson 2002), þó að engin óumdeild dæmi hafi fundist í allra elsta máli. Eiríkur (2002:22) tilfærir eftirfarandi dæmi um raunverulega leppi úr heimild sem varðveitt er í handriti frá um 1500 (sjá nánar um þá heimild í kafla 3.1; stafsetning eins og í grein Eiríks):

- (22) a **Það** var einn mann í Englandi sem fleiri aðrir, þó frá þessum verði nú sagt heldur en öðrum, er tók í sinn vanda að gera óvinum sínum og nágrönnum sínum gestaboð á hverjum jólum.
- b **Það** er nú sagt af einum ríkum manni og mikilhæfum og nökkuað framferðugur til veraldliga hluta.

Í þessum dæmum verður ekki séð að *það* hafi nokkra tilvísun, t.d. í aukasetningu eins og þegar um fráfærslu er að ræða. Elstu dæmi sem Eiríkur tekur af greinilegum raunverulegum leppum í íslensku eru því í kynningar- eða tilvistarsetningum en athyglisvert er að slík dæmi virðast einnig vera fyrstu dæmi um leppi í fornsænsku (sbr. Falk 1993:250-263 og 266-276).

Dæmi úr elstu íslensku eru ekki eins afgerandi hvað leppseðli *það* varðar, sbr. eftirfarandi dæmi úr tveimur velþekktum fornsögum, frá 13. eða 14. öld (dæmin eru tekin frá Eiríki Rögnvaldssyni (2002:20)):

- (23) a **Það** var einn dag **er** Egill gekk úti með vegg og drap fæti og féll.
- b **Það** var einn dag **er** Gunnar gekk frá Lögbergi.

Dæmin í (23) eru fyrst og fremst óljós fyrir þá sök að (tíðar)tenginguna *er* virðist hafa verið hægt að nota eins og eða í staðinn fyrir skýringartenginguna *að*, eins og Eiríkur bendir á. Ef svo er, má færa að því rök að um fráfærslu sé að ræða: **Það var einn dag, að Egill/Gunnar gekk ...** o.s.frv. Eiríkur (2002:21) kveðst þó halda að dæmin verði að túlka sem merkingarsnauða leppi en að notkun þeirra hafi verið mjög takmörkuð. Útvíkkun á notkunarsviði leppa virðist hins vegar fyrst verða með Nýja testamentis-þýðingu Odds Gottskálkssonar 1540, þó að leppir virðist ekki verða algengir (í ritmáli?) fyrr en rúmum tveimur öldum síðar, eins og áður kom fram. Eiríkur (2002:23) sýnir dæmi frá Oddi um leppi með náttúrufarssögnum og í tilvistarsetningum, bæði í auka- og aðalsetningum. Á það er einnig vert að benda að engin dæmi eru um lepp með *áhrifssögn* og elstu dæmin sem tilfærð eru um leppi með áhrifssögnum hjá Eiríki eru að því er virðist frá 19. öld.

Athyglisverð er allitarleg athugun Jóns Helgasonar (1948:296-316) sem hann prentar aftan við útgáfu sína á *Nikulási Klím*, þýddum úr þýsku af Jóni Ólafssyni úr Grunnavík 1745, þar sem hann víkur (bls. 310-314) meðal annars sérstaklega að setningafræðilegum atriðum. Eitt af þeim atriðum sem Jón nefnir er *það*-innskot, sem hann nefnir *óákveðið frumlag* og *bráðabirgðafrumlag*.⁷ Nokkur af dæmum hans eru sýnd í (29) (sbr. Jón Helgason 1948:310, leturbr. mínar, tilvísanir miðast við bls. og línu í útgáfu):

⁷ Af öðrum setningafræðilegum atriðum sem Jón tínir til dæmi um eru t.d. ópersónulegt orðalag sem sé farið að riðlast, breytileiki í fallmörkun andlaga, *vera að* og *vera búinn að*, frásagnarumröðun í upphafi frásagnarsetninga og um notkun auka- og aðalsetninga og orðaröð í þeim, svo eitthvað sé nefnt.

- (24) a **það** er ei so hægt að dæma um o.s.frv. (77.29)
 b **þat** sló að mjer felmtre (103.5)
 c **þat** glumde í heila húsinu (38.3)
 d hvernin **það** leið um mína samfanga (141.10)
 e þó skeði skeði það með því móte, at **þat** sýndist sem þeir vike til baka aller í þyrpingu (215.37)
 f **þat** geingr að sönnu ei öðruvíse til (242.21)
 g þó **það** væri komit þá af miðdegi (125.17)

Ef jafn lítið er um leppi í textum frá 16., 17. og 18. öld og málfræðingar hafa talið, hlýtur fjöldi dæma um *það/þat* í eldri þýddum textum að benda til þess að um erlend áhrif sé að ræða; eða er einskær tilviljun að þeir þrír textar sem hingað til hafa verið nefndir skuli allir vera þýddir? Varla hafa leppir þó verið ótækir í máli fólks á þessum tíma úr því að þeir rata inn í þýðingar.

Athyglisverð leppsdæmi sem Jón Helgason (1948) tilfærir einnig eru dæmi um annars konar lepp sem hingað til hefur ekki verið ræddur í tengslum við íslensku (þýska samsvörun textans innan sviga er einnig frá Jóni Helgasyni):

- (25) a — at **þar** være til eitt land (168.16; ‘dass es ein Land gäbe ...’)
 b **þar** skeði slíkt hrun á flóttanum (197.23; ‘es geschahe ...’)

Í þessum dæmum virðist ekki um það að ræða að *þar* hafi tilvísun til staðar eins og venjulegt væri í íslensku. Jón Helgason telur dæmin vera að danskri fyrirmynd. Þó væri hálfserkennilegt að Grunnavíkur-Jón talaði mál sem væri talið vont eða dönskuskotið á þessum tíma þar sem hann nefnir sjálfur að hann hafi almennt reynt að forðast erlend áhrif á setningagerð. Jón Ólafsson segir (*Nikulás Klím*, bls. 7):

Eingva illdeilu vil eg mjer við nockurn gjöra um útleggínguna, þótt hún megi víða betur fara. [...] Þó meina eg, víðast sje þess gjætt, at stýllinn (að því leite sem orðinn og þeirra constructionem áhrærer) sje öllum ljóss og skiljanligr; greinirnar stuttar, eins og í ísslensku vera eiga, enn ei lángr, með miklum drætte, og verbo in fine, sem Þýðskum er tíðt; einnin eru margar og lángr parintheses eviteraðar, og fleira þess háttar.

Hér mun Grunnavíkur-Jón því fyrst og fremst eiga við orðaröð. Jón Helgason (1948:xvi) segir reyndar um orðfærið: „Það er víða illa íslenzkt. [...] Stundum kemur manni jafnvel til hugar nútíðarmál eins og það getur verst verið“; og ennfremur segir Jón Helgason (1948:315): „Orðfæri þýðingarinnar er yfirleitt mjög dönskuskotið, að vísu ekki sambærilegt við það sem verst var ritað á þessu niðurlægingatímabili íslenzks ritmáls, en naumast heldur ofan meðallag“; svo deila má um hve vel hefur tekist upp. Þó segir Jón Helgason (1948:313) að

mun minna sé um að sögn standi í lok aukasetningar hjá Grunnavíkur-Jóni en í þýsku gerðinni og Jón (1948:316) vísar raunar að því að Grunnavíkur-Jóni sé „ekki ótamt í öðrum ritum sínum að áfella þá er noti dönskublandið orðfæri“.⁸

Látum þá þessu yfirliti yfir fyrri umræðu um leppi í eldri íslensku og lítum nánar á málið á *Miðaldaævintýrum* hvað þessi atriði varða.

3.0 Nánari athugun á *Miðaldaævintýrum*

Eins og fram kom hér á undan er ævintýrabálkurinn *Miðaldaævintýri* fyrsta heimildin um óumdeilanlegan lepp í íslensku sem fundist hefur. Þar af leiðandi er forvitnilegt að skoða þau atriði sem hafa verið til umræðu í tengslum við leppi í íslensku og í skyldum tungumálum í þeim texta. Í kafla 3.1 verður fjallað almennt um textann, aldur hans og tilurð og nokkur orð um athugunina og hvernig henni var háttað. Í kafla 3.2 eru sýnd dæmi úr textanum einkum um þau þrjú atriði sem hafa verið nefnd, þ.e. leppi, stílfærslu og núlliði.

3.1 Um texta og athugun

Miðaldaævintýri eru safn „ævintýra“, ekki þó í hefðbundinni merkingu þess orðs heldur mun þar átt við siðbætandi sögur með guðrækilegu efni.⁹ Af þeim 34 ævintýrum sem prentuð eru í útgáfunni eru sýndar hliðstæðar enskar gerðir af 29 ævintýrum, ýmist í lausu máli eða bundnu, og er því trúlega um þýðingu að ræða í öllum tilvikum. Elsta handrit textans er AM 624 4to, frá því um 1500, en þýðingin er talin vera frá seinni hluta 15. aldar. Þar af leiðandi telst verkið til forníslensku, þar sem skrifari handritsins er vísast að minnsta kosti fæddur um 1470 og þýðandinn áreiðanlega ekki síðar en um eða upp úr 1430. Handritið er því miður varðveitt óheilt og áætlað útgefandi að í það vanti eitt átta blaða kver (16 bls.), 5. til og með hálfu 19. ævintýri, auk tveggja síðustu ævintýranna. Varðveitt er afrit af AM 624 4to frá því það var enn óskert í handritinu JS 43 4to, sennilega frá 17. öld, en svo vill til að það afrit fylgir frumriti sínu alls ekki nákvæmlega og er því ómarkhæft um málfar frumritsins. Með þessu er enginn dómur felldur yfir JS 43 4to eða gildi þess að öðru leyti og e.t.v. væri forvitnilegt að skoða nánar hvers konar breytingar skrifarar þess handrits hafa gert.¹⁰

⁸ Fengur væri að vita hvaða „önnur rit“ Jón Helgason á við með þessum orðum.

⁹ Upplýsingar um þýðingu, handrit, varðveislu og útgáfu *Miðaldaævintýra* eru fengnar úr inngangi Einars G. Péturssonar (1976:vii-civ) að verkinu.

¹⁰ Til gagns þeim sem hug hefði á að skoða þetta atriði nánar má benda á 13 síðna yfirlit útgefanda um meðferð textans í JS 43 4to, aðallega um breytingar sem snúa að málfræðilegum þáttum (Einar G. Pétursson 1976:xxxviii-l)

Þar sem ljóst er að skrifarar JS 43 4to hafa ekki gert sér far um að fylgja málfari frumrits síns, var ákveðið að lesa aðeins þá hluta verksins sem eru varðveittir í AM 624 4to, rúmar 30 heilar bls., án athugasemda og lesbrigða úr öðrum handritum. Merkt var við dæmi um stílfærslu, kjarnafærslu, andlags- og frumlagseyður og það greint með tilliti til þess hvort um var að ræða lepp eða persónufornafn með tilvísun. Einnig var gefinn gaumur að setningum þar sem hugsanlegt er að sé frumlagseyða án nokkurrar færslu eða það-innskots. Í þeim dæmum sem sýnd eru í kafla 3.2 er vitaskuld oft aðeins um að ræða úrval, því fjölmörg dæmi eru um stílfærslu, kjarnafærslu og eyður sem þarf laust er að tína öll til. Þetta á þó ekki við um leppi því um þá eru fá dæmi og öll sýnd.

Loks er vert að nefna að ensk þýðing dæma er sýnd ef um beina samsvörun er að ræða í óbundnu máli í enska frumtextanum en yfirleitt ekki ef enski textinn er í bundnu máli. Hins vegar eru dæmi úr bundnu máli sýnd í dæmum um leppi þar sem þar hafa þau heilmikið málfræðilegt gildi, einkum í tengslum við þá spurningu hvort leppirnir stafir af áhrifum frá enska textanum eða hvort þýðandinn noti leppi á stöðum þar sem engir leppir eru í frumtexta. Það á vitaskuld jafnt við um bundið mál sem óbundið. Einnig eru dæmi sýnd á þeim stöðum sem túlkun á textanum orkar tvímælis, t.d. í umfjöllun um eyður hér á eftir.

3.2 Leppir, stílfærsla og núlliðir í *Miðaldaævintýrum*

3.2.1 Er eitthvað að marka þýdda heimild?

Rétt er að hefja umræðu um dæmi úr *Miðaldaævintýrum* á því hvort eitthvert mark sé takandi á forníslenskri heimild sem er greinilega þýdd úr ensku þess tíma, einkum þegar um er að ræða málfræðilegt fyrirbæri sem allt bendir til að sé nýjung og sé jafnvel fyrir erlend áhrif (sjá t.d. Eiríkur Rögnvaldsson 2002:23). Á móti mætti reyndar spyrja hvort slík heimild sé ekki einmitt best til þess fallin að sýna hvað hægt var að segja og hvað ekki, því nú er þess varla að vænta að þýðandi færi að þýða *there was a man* sem ‘það/þar var maður’ nema slíkt samræmdist málvitund hans. Við getum reyndar lagt þessa sömu prófsetningu fyrir okkar ágæta þýðanda og athugað hvað kemur út:¹¹

- (26) ÁÁ einum tíma uar einn rikur maður (1.1)
IN TYME THERE WAS A RICHE MAN LEYUNG

Ef einhver vildi gera mikið úr því að *Miðaldaævintýrin* gæfu ekki rétta mynd af yngstu

¹¹ Í tilvísunum í dæmi úr ævintýrunum er sama tilvísanakerfi notað og í útgáfu, þ.e. að á undan punkti er númer ævintýris en á eftir númer línu. Ef dæmi er lengra en sem nemur þeirri línu, er yfirleitt einungis sýnt hvar dæmið hefst en ekki hvar því lýkur.

forníslensku þar sem þau eru þýðing, mætti nota þessa setningu sem rök gegn því að frumtextinn hafi (mikil) áhrif á notun leppa sögumanns þýdda textans. Honum (eða a.m.k. skrifara AM 624 4to) virðist að minnsta kosti vera eðlilegra að hafa engan lepp í þessari setningu, en þó kjarnafærðan forsetningarlið fremst eins og í ensku. Af þessu má því ráða að dæmi (17d) og (18b) væru sennilega einnig ótæk í máli hans, eins og í nútímaíslensku. Það sama virðist vera uppi á teningnum í eftirfarandi dæmum:

- (27) a Svo segizt af einne kuinnu er geck til krossins (3.1)
 A WOMAN THERE WAS ON A TYME, THAT WENTE TO ðE CRUCIFIX
 b Svo segiz af j kornanuma at hann rennr eptir einum manni. (4.1)
IT HAPPENYD ONYS, THAT THE VNICORNE FOLOWED A MAN

Hér má enn sjá að ekki er um hráa þýðingu að ræða. Enski leppurinn *there* skilar sér í dæmi (27a) sem *svo*, annað hvort í merkingunni ‘svona, þannig’ eða ‘síðan, núna’, hvort tveggja sem boði um að nú hefjist ný frásögn.¹² Enska samsvörun (27b) virðist hins vegar fela í sér fráfærslu og er því ekki leppur: *það, að einhyrningur elti mann, gerðist einu sinni*. Kynningarorðin *svo segiz(t)* eða *svo segir* eru raunar mjög algeng í upphöfum ævintýranna.

Veigameiri rök fyrir því að textinn sé áreiðanlegur eru hins vegar dæmi þar sem þýðandinn hefur andlagseyður í þýðingunni þó að í frumtextanum sé engu slíku til að dreifa:

- (28) var fram borit fyrir hann þetta sama slatr; áá bordit.
 og þegar þessi riki madur skar af ___j einn bitaj og liet ___j j sinn munn
 ANONE THE RICHE MAN CUTTE A MORSELL OF **THE FLESHE**, AND PUT **IT** IN HIS MOUTHE
 og uildi hafa etit ___j og so skiott sem hannj kom j hans munn og hans hals ... (1.10)
 AND WOLDE HAUE ETYN **IT**; [ENSKT FRAMHALD ANNAÐ]

Af þessu má ráða að þýðandanum og máli hans sé allsæmilega vel treystandi sem áreiðanlegri heimild um yngstu forníslensku. Lítum því næst á nokkur fleiri dæmi úr texanum og fyrst um stílfærslu.

3.2.2 Stílfærsla

Eins og fram kom í 2. kafla hér á undan er oft hægt að „komast hjá“ því að nota lepp með því að færa tiltekna liði til í setningunni. Færsla af þessu tagi gengur undir nafninu *stílfærsla* og er talin flytja liði á borð við lýsingarhætti, lýsingarorð, atviksorð og agnir í svokallaðar frumlagseyður sem eru í setningunni. Þó hafa fræðimenn bent á að færsla á „stærri liðum“ á borð við fullgilda nafnliði, sem gengur undir nafninu *kjarnafærsla*, geti einnig haft þessu

¹²Nánar verður að þessu vikið í 3.2.4 um leppi í íslenska textanum sem ekki er að finna í enska frumtextanum.

hlutverki að gegna ef í setningu er frumlagseyða og því megi allt eins hafa orðið stílfærslu um þetta hvort tveggja (sjá t.d. Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson 1990).

Annað mikilvægt atriði í þessu sambandi er að í málþróuninni á leið til yngri íslensku varð stílfærsla sjaldgæfari, sem aftur hefur að líkindum skapað tækifæri til þess að skjóta inn merkingarsnaudu *það* í setningar þar sem frumlagseyðan var ekki fyllt með stílfærðum lið (sbr. Þorbjörg Hróarsdóttir 1998). Slík greining hlýtur að spá því að í textum í eldra máli, þar sem finna megi leppinn *það*, ætti stílfærsla með einhverju móti að vera fátíðari og því **markaðari** (e. *marked*) að því leyti að fleiri möguleikar eru í boði en að beita stílfærslu. Að minnsta kosti kann það að fela í sér að blæbrigðamunur sé á þessum tveimur setningagerðum annars vegar, hins vegar andspænis þeim möguleika að geta látið eyðurnar alveg ófylltar (sbr. einnig kafla 3.2.4 um núllliði hér á eftir).

Lítum á eftirfarandi dæmi um stílfærslu:

(29) *Stílfærsla á atviksorðum*

- a og sem **uti** er maltidin og lesinn er bordsalmur. tekur okunni madurinn að glediaz og sierliga sem byriadr er de profundis og þui gladari sem **meir** lidr á salminn. og sem **uti** er bordsalmur uerdr hann spurdr hvurr hann er. (22.16-20)
- b So segir at sa meistare sem **fyr** var getid [...] predikade þetta æfinntýr [...] (24.59)
- c ... telr siþan fram allar sinar syndir sem **adr** uoru sagdar.
- d ... uerdr enn heyrdr af gudi so at **nidr** skal falla helmingr af leingd þessarar pinu (26.19)

Af fjölda dæma af þessu tagi er ómögulegt að fullyrða nokkuð um að einhverju máli skipti hvort liðir eru stílfærðir eða ekki.¹³ Hér sjást dæmi um stílfærslu í tíðarsetningum, tilvísunarsetningum og skýringarsetningum. Stílfærð eru stök atviksorð, en einnig eru dæmi lík þeim í (29) þar sem atviksorðin eru „stærri í sniðum“:

(30) *Kjarnafærsla á atviksorðum?*

- a Sua segir at **þar skamt j fra** bio ein fatæk eckia (1.2)
AND BESIDE HYM DWELLED A PORE WEDOWE
- b **þadan eigi langt** var ein god kuinna og gudhredd med hreinlifis manna lifnadi (23.15)
- c **hier fyrir** lofudu allir gud er sau þetta takn (21.55)

Þar sem áhersla er lögð á að stílfærsla færi stök orð er ekki alveg ljóst hvernig greina eigi

¹³ Sá merkingarmunur sem Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson (2004) telur að hljótist af stílfærslu virðist fyrst og fremst snúa að færslu á ögnum eða atviksorðum, t.d. með samböndum á borð við *smygla inn*. Í Miðaldaævintýrum eru einnig dæmi um slíkar færslur, t.d. þessi:

- (1) a Nu so sem allir brædr uoru **til** komnir (26.36)
- b enn hun uard fegnari enn **fra** megi segia (25.31)

Setning (1b) væri eins í nútímamáli og varla væri hægt að hafa ögnina *frá* á sínum stað þar sem um eins konar fast orðasamband er að ræða. Vert er að vekja athygli á að lýsingarorðið *fegnari* er ekki stílfært þótt vel geti það færst.

Þessi dæmi. „Kjarnafærslulegast“ er dæmi (31c) þar sem *fyrir* mætti hugsanlega greina sem forsetningu, og væri sannlega forsetning í setningunni *fyrir þat lofudu allir gud er sau þetta takn*. Það sem máli skiptir hér er að í nútímamáli væri hægt að skjóta inn lepp í öllum þessum setningum, ef ekki væri beitt færslu, og væri trúlega í mörgum tilvikum gert.¹⁴

Næst skulu sýnd dæmi um stílfærslu á lýsingarháttum:

(31) *Stílfærsla á lýsingarháttum*

- a hann fyrirlætur allar godar bænir er **bednar** uerda (20.20)
- b og sem uti er maltidin og **lesinn** er bordsalmur. tekur okunni madurinn að glediaz og sierliga sem **byriadr** er de profundis og þui gladari sem meir lidr á salminn. (22.16-19)
- c og sem **komin** er mid nott. taka barearnar at hristaz (24.39)
- d Nu so sem allir brædr uoru til komnir. stodu þeir ifir honum allir til þess er **hringt** uar til aptansaungs. Og þegar sem **hringt** uar. þa flugu bædi hans aʒgu aptur j haʒsinn (26.36-39)

Dæmi (29d) er hér endurtekið að hluta sem (31b) en lýsingarháttirnir auðgreindir í stað atviksorða. Erfiðlega gengi að skjóta inn lepp í tilvísunarsetninguna í (31a) í nútímamáli, en reyndar er stílfærslan þar engu skárri (sbr. áðursagt um tilvísunarsetningar og leppi í kafla 2.1). Í (31b) með tíðartengingunni *sem* væri hæglega hægt að skjóta inn lepp í stað stílfærslu á *lesinn* en erfitt, ef ekki ómögulegt, væri að hafa lepp í stað *byriadr* í nútímamáli sem einnig er tengd með tíðartengingu, e.t.v. vegna þess að *de profundis* er ákveðinn liður. Auðhægt er hins vegar að skjóta inn lepp í dæmum (31c,d) með tíðartengingunum *sem*, *er* og *þegar sem*.

Loks eru sýnd dæmi um stílfærslu lýsingarorða:

(32) *Stílfærsla á lýsingarorðum*

- a Svo er sagt af .ij. riddorum er **missattir** urdu sin j milli (21.1)
- b og sa er **helsleginn** uar atti son eptir unngan og mannuænligan (21.4)
- c fyrir þess sakir er **fæddr** var af Mariu mey (21.28)
- d þegar mid nott er komin. koma inn fiandr margir. og helldr sidbryndir. og so margir at **fullt** uar husit. (24.53)

Leppsinnskot væri ómögulegt í nútímamáli í tilvísunarsetningunum í (32a-c), en svo virðist sem stílfærslusetningar með lýsingarorðum séu helst tilvísunarsetningar. Sú er þó ekki raunin

¹⁴ Kjarnafærsla er mjög tíð þar sem orðaröð verður OV, þ.e. andlag á undan sögn (sbr. dæmi (2a-b) en (2c) er e.t.v. fremur stílfærsla) en ekkert sérstakt virðist verða til þess að henni sé beitt þar sem orðaröð er OV fremur en VO:

- (2) a þar fyrir uar þeim settur dagur at hinn riki madur skylldi **eid sueria** (20.3)
- b þuiat allir s'gdu at hann mundi eigi **falskann eid sueria** (20.4)
- c eptir þui sem hann uar bedinn **satt at segia**. (20.5)
- d eigi fyrir gott eigi fyrir illt. vtan truliga **sueria sinn eid** (20.6)

Varla er um nokkurn merkingarmun að ræða, sbr. dæmi (2d) án kjarnafærslu. Áfram heldur textinn án færslu:

- (3) a j þessu æuinntyri er yður synt hversu þat er at **sueria ranga eida** (20.12)
- b þuiat huerr madur er **sueri rangann eid** fyrirlætur gud og hans uegu. (20.14)
- c þuiat huerr er **sueri falskan eid** fyrirlætur fim sæt þing. (20.15)

í (32d) en þar er aftur athyglisvert að frumlagið er ákveðið. Sú setning líkist því nútímamálssetningum á borð við *hér er hellt kaffinu í*, sem gæti verið í leiðbeiningum með kaffivél, eða upphrópanir á borð við *það er búin mjólkín!* Þetta dæmi benda því til þess að um stílfærsluna gildi það sama og í nútímaíslensku, þ.e. að sú regla að frumlagið megi ekki vera ákveðið (sbr. dæmi (16a) hér á undan) er ekki ófrávikjanleg.

Það sem þessi dæmi hafa sýnt er einvörðungu að stílfærsla er í fullu gildi á þessum tíma og hvergi að sjá að henni sé síður beitt en í öðrum formálstextum.¹⁵ Athyglisverðara hefði þó verið að finna dæmi sem sýndu að hægt hafi verið láta frumlagseyður ófylltar, þ.e. dæmi án stílfærslu. Dæmi af því tagi mætti nefna „vannýtt tækifæri“ til *það*-innskots. Gallinn við slík dæmi er hins vegar sá að þar er aldrei hægt að sjá hvort um er að ræða vannýtt tækifæri eða hreinlega **frásagnarumröðun** (e. *narrative inversion*) þar sem viðsnúningur hefur orðið á persónubeygðri sögn og frumlagi svo að sögnin stendur fremst (sjá t.d. Halldór Ármann Sigurðsson 1994):

- (33) a og sem kemr **langafriadagur**. stendr þesse Riddari ...
b **kemr** önnur nott. og **uaka** hennar synir allir enn sem fyrr og annat folk hia þeim (24.38)
c **kemr** þridia nottin og **uaka** allir enir sömu og **ferr** allt á somu leid. þui þegar mid nott er komin. koma inn fjandr margir. (24.51)
d þa tok hann at tala af guds miskunn bædi hatt og lagt. og med almattigs guds miskunn. **flo** ein aurr j hennar hiarta þat sem byskupinn taladi so at tarin fellu nidr um hennar kinnr (27.97-100)

Ef við settum okkur í spor barns á máltökuskeiði gætu þau túlkað dæmi af þessum toga hvort heldur sem er með frumlagseyðu sem mögulegt væri að skjóta *það*-lepp inn í, eftir reglum nútímamáls, eða sem frásagnarumröðun. Þar væri því um að ræða endurtúlkun, en endurtúlkun barna á máltökuskeiði þar sem ólíkar setningagerðir geta verið tvíræðar er einmitt títtnefnd uppspretta málbreytinga (sjá t.d. umfjöllun um endurtúlkun á orðaröð í sagnlið hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1994-1995:40-44)).

Loks skulu sýnd dæmi um kjarnafærslu að því er virðist í sama tilgangi og með stílfærslu, þ.e. til þess að fylla frumlagseyðu (sbr. umræðu í 2. kafla hér á undan):

- (34) a enn **unndir treno** uar diupr pyttur fullr af ormum og pauddum (4.1)
AND VNDIR THE TRE WAS A DEPE DYKE, FULL OF SERPENTES, TODES ...
b og af **þessu sama tre** nõgudu rotina .ij. ormar (4.3)
AND THE ROTE OF THE TREE GNAWED IJ. WORMYS
c **þetta marc** sa/ allir á honum (19.64)

¹⁵ Þetta byggist þó á huglægu mati en ekki athugun og þyrfti að athuga nánar.

ÞAT MARK SAW ALLE MEN COMUNLY

d **I *einhueriu**¹⁶ **brædraklaustri** var einn munkur sa er ... (28.2)

e og sem hun hefir eigi leingi þar uerit sierr hun og fleiri adrir at **ofan ifir sængina til fotanna** kemr enn crossfesti eptir hennar skilningi so talandi (23.26)

Í þessum dæmum væri hægt að skjóta inn leppum í nútímamáli ef kjarnafærslu væri ekki beitt. Athyglisvert er að í dæmum (34a) og (34c) er enski frumtextinn einnig með kjarnafærslu, og (34c) væri sennilega ótækt í nútímaensku. Dæmi (34d) er líkt elsta forn málsdæmi sem Eiríkur Rögnvaldsson (2002) tilfærir og sýnt var sem dæmi (22) hér fyrir ofan. Í slíkum tilvikum er um að ræða upphaf frásagna, það sem Falk (1993:266) nefnir kynningar- eða tilvistarsetningar (*e. presentational / existential constructions*), þar sem virðist vera hægt að hafa lepp.

3.2.3 Eyður

Áður en sýnd verða fleiri dæmi af líklegum leppum í fornu máli í *Miðaldaævintýrum* er rétt að tína til nokkur dæmi úr textanum um eyður. Bent hefur verið á að e.t.v. séu tengsl á milli nokkurra breytinga sem urðu á svipuðum tíma, eins og áður kom fram, þ.e. að stílfærslu er beitt sjaldnar, leppir koma upp og/eða fara að verða algengir og andlagseyður og eyður án beins mállegs undanfara (sjá einkum Þorbjörg Hróarsdóttir 1998). Ef rétt er að þessar breytingar haldist að einhverju leyti í hendur mætti búast við að í texta sem finna má greinileg dæmi um leppi ætti eitthvað að örla á breytingum í notkun á eyðum, þ.e. að færri (eða færri tegundir) dæma ættu að finnast um þær.

Hvað þessa tilgátu varðar er að minnsta kosti greinilegt að frumlags- og andlagseyður með mállegan undanfara eru mjög algengar (andlagseyður eru táknaðar með [hornklofa] en frumlagseyður til aðgreiningar með {slaufusviga}):

- (35) a var fram borit fyrir hann þetta sama slatr_i áá bordit.
og þegar þessi riki madur_j skar af []_i einn bita_k og { }_j liet []_k j sinn munn
ANONE THE RICHE MAN CUTTE A MORSELL OF THE FLESHE, AND PUT IT IN HIS MOUTHE
og { }_j uilldi hafa etit []_k og so skiott sem hann_k kom j hans munn og hans hals.
AND WOLDE HAUE ETYN IT; [ENSKUR TEXTI ANNAR]
stod hann_k fastur og geck { }_k huorki upp ne nidr. (1.10-14)
- b enn bert uar eptir beinit_i þar sem hinn hafdi áá []_i tekit (19.63)
- c þeir_i hugsodu nu hennar bæn at gera. og { }_i toku likaman_j og letu []_j a barir og
{ }_i uoktu ifir []_j um nottina
- d so kom at þa_v gatú .ij. sonu_i huern eptir annann. og alla drap hun_j þa og { }_j braut []_i
áá hals.

Í dæmi (35a-c) eru dæmi um andlagseyður í forsetningarlið og í (35a,c,d) eru andlagseyður í

¹⁶ Leiðrétt í útgáfu úr: einhuerium.

sagnlið. Í dæmunum sést að þar sem andlagi er eytt er frumlagi einnig eytt, eins og krafa er um í nútímamáli þar sem er andlagseyða. Því má velta fyrir sér hvort ótækt hefði verið að hafa frumlagseyðuna fyllta í t.d. (35d): *og alla drap hun* (eða: *konan*) *þa* og **hun** *braut á hals*.¹⁷ Engin slík eyða er t.d. í setningunni í (36):

- (36) ... geingr þar til sem hennar fadir la og eigi með betra eryndi enn **hun** skerr **sinn fodr** á hals og myrdir **hann** þar.

Dæmi eru um tengdar frumlagseyður í aukasetningu með undanfara í aðalsetningu sem hljóma ankannalega í nútímamáli:

- (37) a enn þat hefi eg heyrð sagt fyrir satt at eingi meistare_i uæri so godr þo at { }_i uæri so uiss sem Salamon og so uel taladr sem ÁÁrón og { }_i lifdi til þess at hann_i uæri þusund ára gamall (24.70-73)
b þetta undradiz hun_i miog. enn { }_i þikiz þo uist uita at þesse bending_j er af gudi send enn { }_i ueit eigi huat *þyda¹⁸ { }_j mundi. og { }_i lætur eigi af at bidia. helldr eykur hun sitt mal framuegis at gud birti henni []_j frammar hier af
c ... þat uar guds uili at hun_i geingi til skriptar og { }_i opinberadi sinar syndir fyrir sinum skriptafodr huat er { }_i hefir gert (25.33-35)

Athyglisvert er í (37a) að ekki er höfð eyða fyrir *hann* í síðustu aukasetningunni sem myndi vísa til tengdu frumlagseyðunnar í aðalsetningunni á undan. Ef beinn mállegur undanfari væri ekki skilyrði hefði mátt ætla að þar mætti einnig vera eyða eins og virðist vera í (37c) í aukasetningunni ... *huat er hefir gert*.

Frumlagseyða virðist geta staðið án mállegs undanfara en aðeins hefur fundist eitt dæmi um (hugsanlega) slíka eyðu:

- (38) riddarinn_{i1} uard nu geysi gladr sem uon uar. þuiat hinn ungi madur_{i2} fyrirgaf honum allann sinn misuerka og so urdu allir þeirra felagar. **Geingu** { }_{i1+2} siþan til kirkiu **badir saman** (21.40)
ÞE KNYGHT WAS GLAD, AND NO FERLY, [WNDYR] | AND SO WERE AL ÞAT CUMpanye,
| ÞAT HE FORyAUE HyM Hys MySDEDE, | AND TO ÞE ChERChE BOÞE ÞEY YEDE.

Eins og áður kom fram (við dæmi (21c)) hefur verið álitid að slík dæmi finnast einungis í hliðskipuðum setningum (sbr. Þóra Björk Hjartardóttir 1993:54). Því er mjög athyglisvert að frumlagseyðan í (38) skuli vera í ótengdri setningu.¹⁹

¹⁷ Athyglisvert er að í handritinu papp 8vo nr. 8 hefur andlagseyðan verið fyllt (sbr. *Miðaldaævintýri*, bls. 63): ... og *Alla drap hun þa*, og *Braut þa A hals*.

¹⁸ Leiðrétt í útgáfu úr: þyði.

¹⁹ Einnig eru tvö hugsanleg dæmi um andlagseyðu án undanfara, en bæði fremur óljós (og samsvara ekki enska textanum á þeim stöðum sem eyðurnar eru). Þau eru sýnd í (4):

(4) a og sem mid nott uar komin toku barirnar at okyrraz. þetta gatu at lita hennar synir og [*frh. nmlsgr. 19*]

Dæmi er um frumlagseyðu með andlag sem undanfara og því greinilegt að eyðan þarf ekki að hafa sama hlutverk og undanfarinn (sbr. einnig Þóru Björk Hjartardóttur (1993:50) og dæmi (21b):

- (39) þar sem eg á ydr_i fíora sonu_j mína og eru { }_j prestar allir og megít { }_i bídia so fyrir míer at eg koma j himínríki (24.18)
WHYLE Y HAUE YOW PRESTËS ÞRE | ÞAT FOR ME MOW REDE AND SYNGE, | AND, FUL WEYL, ME TO BLYS BRYNGE; | SO MAY MY SOULE TO GOD BE BROGHT

Hér sést að *ydr*, sem er andlag sagnarinnar *eiga*, er undanfari seinni eyðunnar (og *megít bídia*) fyrir pfn. *þier* sem er frumlag. Eyðan þar á undan (og *eru prestar allir*) er annað hvort eyða sem vísar til innskotsins *fíora sonu mína* eða til *ydr*. Ef síðari túlkunin er valin verður einnig að segja að persónusamræmi sé ekki skilyrði.

Loks er hugsanlegt dæmi um að andlagseyða vísi til sagnliðar, sem er tegund eyðu sem ekki er minnst á hjá Þóru Björk Hjartardóttur (1993):

- (40) So segir at sa meistare sem fyrr var getid og hennar yngsti sonur predikade_i þetta æfinntyr um allt Eíngland og huar sem hann for. þa liet hann eigi af []_i huorki fyrir skom ne hrædzlu <at tala> moti þeim kuínnum sem prestar taka (24.59-63)
ÞE YONGEST SONE ÞAT WAS A SCOLERE, | HE PRECHED ÞYS YN STEDYS HERE; | ÞURGH ÍNGLAND, YN EUERY CUNTRE, | HE TOLDE ÞYS TALE OF GRETE PYTE, | OUERAL AS HE WENT A-BOUTE, | (HE SPARED NOÞER FOR SHAME NE DOUTE) | AYENS WYMMEN ÞAT PRESTËS TAKE

Athyglisvert er að í útgáfu er skotið inn <at tala>, þar sem útgefandi telur að þessara orða sé vant í textanum.²⁰ Allt eins mætti þó líta svo á sem hér sé eyða fyrir sagnliðinn [*predikade þetta æfinntyr*]_i í setningunni á undan, þ.e. *þa liet hann eigi af [at predika]_i huorki fyrir skom ne hrædzlu moti þeim kuínnum sem prestar taka*. Orðin *huorki fyrir skom ne hrædzlu* eru þá innskot sem eiga við *at predika* en enski textinn hjálpar því miður lítið við túlkun á þessu

hlupu þegar til []_? og helldu böronum (24.34)

- b þessa nott syndi fiandinn sinn matt þui meira á þessum auma líkam helldr en hina fyrri nottina. at nu tekur hann_i þann syndafulla líkam_j burt af böronum. og { }_i dregr []_j um husít innan. og allt til þess at hann kemr at durunum. þa fær hann eigi leingra dregít []_j. þuiat hennar synir_k uoru so otta slegnir og hrædzlu fullir af þessum odæmum. og ogurligri syn. at þeir_k uissu eigi huat þeir_k mætti at gera. { }_k fara þa til []_? og { }_k taka líkaman_j. og { }_k láta []_j aptur á barernar_i. og { }_k uefia um []_j síþan með sterkum reipum. (24.41-46) (frh.)

Ef í fyrra dæminu væri um að ræða eyðu fyrir andlagið *barírnar* væri vart við því að búast að skrifað væri fullum fetum ... og *helldu böronum* heldur fremur ... og *helldu þeim*, eða með eyðu ... og *helldu*. Hér er því a.m.k. tvennt í stöðunni, annað hvort að ekki sé um að ræða eyðu og að hægt sé að segja *hlaupa til án nokkurs andlags*, eða að eitthvað sé undanskilið sem ekki er minnst á berum orðum, e.t.v. *líkamans* eða *þess staðar*. Í síðara dæminu gildir það sama um *fara þa til* þar sem óljóst er til hvers er vísað.

²⁰ Þess ber þó að geta að útgefandi er aðsjáll um breytingar á textanum og lætur þeirra þá skilmerkilega getið. Eins og berlega má sjá á dæmunum um andlagseyður, fellur útgefandi alls ekki í sömu gryfju og margir fyrri útgefendur fornrita, að „endurbæta“ fornálssetningar sem ótækar eru samkvæmt þeirra máltílfíningu (sjá t.d. inngangsorð Þóru Bjarkar Hjartardóttur (1993:12-14) og Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1994:11-14)).

atriði. Einnig er hugsanlegt að eyðan sé á þeim stað sem útgefandi telur, en verulega er hæpið að þar eigi að standa „at tala“.

Niðurstaðan af þessari umræðu er því sú að býsna fjölbreytileg dæmi finnast um eyður í textanum en að ef einhver merki megi finna um minnkandi notkun þeirra séu það helst eyður án beins mállegs undanfara. Þetta atriði mætti því athuga nánar í fleiri textum frá þessu tímabili. En lítum nú næst á þá leppi sem koma fyrir í textanum.

3.2.4 Leppir

Að mörgu leyti getur verið varasamt að greina fyrirbrigði eins og leppi í forníslensku vegna þess að forníslenska er dautt tungumál og ekki er hægt að spyrja löngu látna málhafa þess út í merkingu setninga eða hlutverk smáorða. Það átti t.a.m. við um vissar aukatengingar sem minnst var á í 2. kafla hér á undan sem hugsanlegt var að væru leppar sem hefðu tilvísun eins og í fráfararsetningum. Nóg er af fráfararsetningum í textanum en af leppnum *þat* eru aðeins eftirfarandi dæmi úr aðalsetningum:²¹

- (41) a **Þat** uar einn kuinna er fastadi uid braud og uatn (2.1)
ÞERE WAS A WOMAN THAT FASTID BREDE AND WATER
- b **Þat** uar einn mann j Eínglandi sem fleiri adrir þo fra þessum uerdi nu sagt helldr en odrum er tok j sinn uanda at gera uinum sinum og nagraunnum sinum geta bod á huerium iolum. (22.1-5) [ENGIN ENSK HLIÐSTÆÐA ÆVINTÝRIS]
- c **Þat** er nu sagt af einum rikum manni og mikil hæfum og nõckut fram ferdugur til ueralldligr hluta sem eg hirdi eigi fra at segja. enn eigi so gud hræddr sem uera skylldi sem uær erum fleiri. hann tok sott hættliga (23.2) [ENGIN ENSK HLIÐSTÆÐA ÆVINTÝRIS]
- d **þat** kom so til j þui sama klaustri. þa brædr risu upp æ midri nott sem þeirra orda uar til. og fara til ottu söngs. og sem hann er uti fara brædr allir til sinnar sængr vtan einn uard eptir ... (28.10-13)
BEFEL ÞE TYME, AS HYT YS RYGH, | MUNKËS TO RYSË AT MYDNYGH; | AND WHEN MATYNES WERE AL DONE, | ÞE COUENT YEDE TO BEDDË SONE. | A MUNKË LEFTE BEHYNDE A THROWE, | ÞAT ÞE DEDE WAS WUNT TO KNOWE;

Dæmi (41a-c) með sögninni *vera* eru eins og dæmin sem Falk (1993) nefnir að hafi komið fyrst inn í sænsku, þ.e. kynningar- eða tilvistarsetningar (sbr. umræðu í 2. kafla hér á undan). Einungis er að finna enskar samsvaranir fyrir (41a,d) og sést að leppur er í óbundna enska dæminu í (41a) en ekki í (41d), sem er snarað af ensku bundnu máli yfir á íslenskt óbundið. Þar eru því sterk rök fyrir því að leppirnir komi ekki ævinlega til fyrir ensk áhrif.

²¹ Eiríkur Rögnvaldsson (1998:12-13) segir elsta dæmi sem hann hafi fundið um *það* með **veðurfarsögn** *vera* úr *Miðaldaævintýrum*. Ég hef hins vegar engin dæmi fundið um leppi með veðurfarsögn í þeim hluta *Miðaldaævintýra* sem elstur er, en hugsanlegt er að slík dæmi finnast í yngri handritum sem eru varðveitt. Eiríkur (2002) lætur þessa veðurfarsdæmis ógetið í grein sinni um leppi.

Dæmi (41d) er einnig áhugavert fyrir þá sök að vera með áhrifslausu hreyfingar-sögninni *koma (til)*, sem hér virðist vera í merkingunni ‘gerast’. Þessi notkun er þó nokkuð frábrugðin áhrifslausu hreyfingar-sögninni *koma* í eiginlegri merkingu og forvitnilegt hefði verið að vita hvort þessi málhafi gæti einnig sagt t.d. *þat komu .ii. munkar j þetta sama klaustr*. Að minnsta kosti er greinilegt að leppsinnskotið takmarkast ekki við tilvistarsetningar, þó að enn sé um kynningarsetningu að ræða. Eins og sjá má af heimildartilvísuninni stendur þessi setning ekki í upphafi ævintýrisins en til marks um að setningin sé þó af sama toga og hinar þrjár á undan má hafa að setningunni á undan henni lýkur á orðunum: ... *sem segiz j eptir farandi frasögn* (‘As was shewed aftyward’).

Leppir virðast því af ofansögðu fyrst og fremst vera notaðir í upphafi frásagna, líkt og fjölmörg ævintýri sem hefjast á *svo*:

- (42) **Svo** segir af einum presti ut j londin þeim er eina kuinnu hellt hia sier dagliga so sem sina eginkonu (24.2)

ÞYR WAS A PREST RYGH T AMEROUS, — | AND AMEROUS MEN ARE LECHOURS; — |
ÞYS PREST, ÞE MOSTE PART OF HYS LYFE, | **HELDE** A WOMMAN AS HYS WYFE, | **ÞAT**
 NO TYMÉ HE HARE LETE

Dæmi (41d) hér á undan bendir þó til þess að *svo* í upphafi frásagnar merki ekki alveg það sama og leppurinn *þat*, því að þar standa bæði smáorðin, *svo* og *þat*. Þau kæmu varla fyrir saman í setningu ef þau hefðu sama hlutverki að gegna og merktu það sama. Greinilegt er þó að þýðandinn þýðir leppinn *þyr* í ensku með *svo* í dæmi (42).

Lítum næst á eftirfarandi dæmi um lepp í aukasetningu:

- (43) og sem kemr langafriadagur. stendr þesse Riddari sem inne þeinkti j sitt *hiarta²² at **þat** uar langr time síþan hann hafði messu heyr (21.16)

ÞAN FYL HY T ON ÞE GODE FRYDAY, | **ÞE KNYGHT** ÞAT YN ÞE CASTEL LAY | LOKED
 OUTE, AND SAY MEN GO | TO ÞE CHERCHĒ, TO AND FRO; | **BARFOTE** TO ÞE CHERCHE
 ÞEY YEDE, | TO ASKE MERCY FOR HERE MYSDÉDE. | **“EY,”** ÞOGHT **ÞE KNYGHT**,
“LONG YS GONE, | **ÞAT MESSE AT ÞE CHERCHĒ HERD Y NONE**.

Í þessu dæmi er ekki að sjá að enski frumtextinn hafi haft áhrif á þýðandann því að enska setningagerðin er á allt annan veg en sú forníslenska. Orðið *þat* í enska textanum sem samsvarar aukasetningunni í (43) virðist vera tilvísunarforbafn (ne. *that*) og því er varla hægt að kenna beinum erlendum áhrifum um þann lepp. Hér eru einnig komin rök fyrir því að

²² Í handriti stendur: *hiararta*.

fyrstu dæmi um leppsinnskot takmarkist ekki við kynningarsetningar (sbr. umræðu í 4. kafla hér á eftir).

Þó að fullyrt hafi verið að í íslensku væri einungis ein tegund lepps, að minnsta kosti að hljóðforminu til, *það*, eða á forníslensku stigi *þat*, eru dæmi um annars konar lepp í textanum. Í (40) eru sýnd dæmi um hugsanlega *þar*-leppi:

- (44) a þat kenne eg vel segir hann at min kwinna er einn skækia og leingi hefir verit. enn af minum dauda kenni eg ecki. og ef þar er remedium eda hialp til mins dauda. og þa seg mier (30.36-39)

TELL ME IF ÞER BE ONY REMEDYE AYENST MY DETH

- b fyrir uist er þar rad til og hialp ef þu uillt eptir minum vilia giora (30.41)

A REMEDYE ÞER IS, IFF ÞOU WOLT DO AFTIR MY CONSEIL

- c Avgustinus hiet byskup heilagr. og red fyrir borginne Damasko. Þar var j borginne einn riddari rikur at peningum og nóckut galaus og eigi miog gudhræddr (31.2)

[ENGIN ENSK HLIÐSTÆÐA ÆVINTÝRIS]

Dæmi (40a,b) sýna að í enska frumtextanum er einnig notaður *þar*-leppur og því líklegt að um sé að ræða áhrif frá honum. Slíkt þætti undarlegt í nútímatexta, hvort sem um væri að ræða þýddan texta eða frumsaminn. Dæmi (40b) hljómar síst ankannalega og gæti e.t.v. komið fyrir í nútímamáli ef *þar* hefði eins konar tilvísun til ástands eða fyrri umræðu (t.d. *ég segi ekkert þar um*). Dæmi (40a) er öðruvísi að þessu leyti því að þar kemur á eftir ... *til mins dauða* sem væri tilvísun *þar*-sins. Því virðist dæmið fyllilega sambærilegt dæmunum með leppnum *þat*. Hins vegar virðist dæmi (40c) við fyrstu sýn hafa tilvísun, enda er minnst á borgina *Damasko* í málsgreininni á undan. Þar er aftur á móti skrítið að sjá *j borginne*, sem felur í sér staðar-tilvísun, og því má ætla að *þar* í því dæmi sé einnig merkingarlaust, og því leppur.

Þessi dæmi um leppsetningar eru vitanlega ekki mörg svo greinilegt er að virkni leppsinnskots er ekki nándar nærri jafn mikil og í nútímamáli. Til samanburðar mætti til dæmis hafa eftirfarandi dæmi:

- (45) a og sem **mid nott** uar komin toku barirnar at okyrraz (24.32)

AT MYDNYGHT ÞE BERĒ GAN TO QUAKE;

- b þegar **mid nott** er komin. koma inn fjandr margir. og helldr sidbryndir. (24.52)

AT ÞE MYDNYGHT, AS ÞEY WOKE ALLE, | COME FENDĒS FELE WITH LOÞELY BROUS

Hér er engu líkara en að *mið nott* standi í frumlagssæti en þar færi ekki vel á liðnum í nútímamáli. Eðlilegra mál nú væri að fylla frumlagseyðuna með lepp. Leppir virðast ekki heldur vera notaðir til þess að fresta óákveðnum nafnlið, jafnvel þó að hann sé verulega þungur eins og sýnt er í (46):

- (46) sem messan uar upp hafin. vrdu þau tidindi uti j kirkiu gardinum er gegna þótti stórum undrum at **margra dauðra manna grafir** lukuz upp. (31.17-19)
[ENGIN ENSK HLIDSTÆÐA ÆVINTÝRIS]

Í þessu dæmi væri rík tilhneiging í nútímáli til þess að hafa lepp, þ.e.: ... *er gegna þótti stórum undrum að það lukust upp margra dauðra manna grafir*. Ef til vill má hafa dæmi af þessu tagi til marks um að hafi leppsinnskot verið til í fornu máli, sem nú má vera nokkuð ljóst, hafi útbreiðsla þess að minnsta kosti verið mjög takmörkuð.

4. Niðurstöður og lokaorð

Af því sem rætt var um í 3. kafla hér á undan (einkum kafla 3.1) má vera ljóst að sá texti sem hér liggur til grundvallar var saminn (þýddur) rétt rúmum hundrað árum fyrir það tímabil sem hægt er að kalla miðíslensku og þar með að sá sem það mál hafði að móðurmáli sínu hafi talað forníslensku. Þessi maður hefur því að líkindum getað verið afi samtíðarmanna Odds Gottskálkssonar, en leppa gætir talsvert í máli Odds, eins og fram kom í kafla 2.4. Þar sem elsta varðveitta handritið af textanum er frá því um 1500 endurspeglar það þó í „versta“ falli mál föður samtímamanna Odds.

Í umræðu um leppi í forníslensku og fornsænsku hér á undan kom fram að a.m.k. í fornsænsku hafi leppir takmarkast við tilvistarsetningar í upphafi frásagna (kynningarsetningar) og hafi því upphaflega verið í aðalsetningum fremur en aukasetningum. Það að leppinn *þat* megi ekki aðeins finna í upphafi aðalsetninga heldur einnig í aukasetningum, eru allsterk rök fyrir því að leppsinnskotið takmarkist ekki við kynningarsetningar (sbr. einnig Eiríkur Rögnvaldsson 2002:23). Því virðast elstu dæmi um leppsinnskot í forníslensku ekki lúta sömu lögmálum og sama fyrirbrigði í fornsænsku, þ.e. *ef* dæmin í *Miðaldaævintýrum* eru með fyrstu dæmum um leppi í íslensku. Ef greining Falks (1993) á þróuninni í sænsku á einnig við um íslensku (sjá kafla 2.4), mætti nota það sem rök fyrir því að leppsinnskotið sé nokkru eldra í forníslensku en dæmin sem hér hafa verið sýnd. Þá er dæmi (43), með lepp í aukasetningu, merki um útvíkkaða notkun leppa. Án frekari athuganna á textum frá þessum tíma og fyrr verða þetta þó engu meira en getgátur einar.

Einnig er vert að nefna að engin dæmi eru um lepp með áhrifssögn í textanum og elstu dæmin sem tilfærð eru um leppi með áhrifssögnum hjá Eiríki Rögnvaldssyni (2002) eru að því er virðist frá 19. öld. Engin þeirra dæma sem Jón Helgason (1948) tilfærir sýna heldur dæmi um leppi með áhrifssögnum, þó að dæmi á borð við (24b) (*e-u slær að e-m*) komist hvað næst slíkri notkun. Ekki þarf að koma á óvart að dæmi með áhrifslausum sögnum finnist

fyrir en dæmi með áhrifssögnum þar sem almennt er talið að notkun leppa í tungumálum skyldum íslensku (að færeysku undanskilinni)²³ takmarkist notkun leppa við áhrifslausar sagnir (sjá t.d. Höskuldur Þráinsson 2007:333-337 og rit sem þar er vitnað til). Óvíst er hins vegar hvað þögn heimildanna um þetta atriði hér, sem endra nær, tákna og varasamt að draga af því miklar ályktanir. Þessi varnagli á ekki hvað síst við um leppi frá elsta skeiði þar sem dæmi eru ákaflega fá. Í kafla 3.2.4 var dæmi (46) um að þungum óákveðnum nafnlið hefði ekki verið frestað notað sem viðbótarröksemd fyrir því að virkni leppsinnskots í forníslensku væri mjög takmörkuð.

Af þeim atriðum sem Þorbjörg Hróarsdóttir (1998) vísar að í athugunum sínum, og dæmi voru sýnd um í 3. kafla, er ekki mjög margt hægt að ráða um tilkomu leppa og ekkert svo óyggjandi sé. Svo að rifjuð sé upp tilgáta Þorbjargar um tengsl stílfærslu, leppsinnskots og núllliða áttu þessi atriði að hafa farið saman í málþróun, þ.e. að á sama tíma og stílfærslan hafi farið minnkandi, hafi það-innskot færst í vöxt og núllliðir (að fornum hætti) horfið. Niðurstaða kafla 3.2.2 var sú að engin greinileg merki væru um það í textanum að minna væri um stílfærslu en í öðrum textum og sýnd voru dæmi um stílfærslu (og kjarnafærslu) á nokkrum tegundum liða þar sem annars væri frumlagseyða. Þegar litið er á fyrstu heimildir um leppsinnskot í forníslensku er þess þó alls ekki að vænta að *engin* dæmi finnist um stílfærslu. Samanburð á öðrum textum þarf hins vegar til þess að hægt sé að segja nokkuð um hvort dregið hafi úr henni þegar hér er komið í þróuninni.

Ef litið er til núllliða hins vegar má e.t.v. greina nokkur teikn um að notkun þeirra sé í rénun. Eyður fyrir frumlög og andlög eru mjög algengar þar sem þær hafa beinan mállegan undanfara, sbr. dæmi (35a-c) um andlagseyður í forsetningarlið, (35a,c,d) um andlagseyður í sagnlið, (37) um tengdar frumlagseyður í aukasetningu með undanfara í aðalsetningu, (39) um frumlagseyðu með andlag sem undanfara og (40) um andlagseyðu sem vísar sagnliðar. Eyður sem ekki hafa beinan mállegan undanfara eru hins vegar afar sjaldgæfar og um þær eru engin dæmi sem ekki væri mögulegt að túlka á aðra vegu. Um frumlagseyðu án mállegs undanfara er þó tilfært dæmi (38). Eyður án undanfara í textasamhengi sem ráða mætti í af beygingar-endingum sagnarinnar eru hins vegar engin. Þetta eru einu hugsanlegu tengsl málbreytinganna sem ráða má af athugun á textanum.

Séu málbreytingarnar tengdar (ef mið er tekið af niðurstöðum Þorbjargar Hróarsdóttur (1998)), eru þau tengsl varla mjög náin því að hér hefur verið tínt til talsvert af dæmum um

²³ Notkun leppa með áhrifssögnum virðist þó vera takmarkaðri í færeysku en í íslensku og samþykkt af sumum málhöfum en ekki öðrum (sbr. Höskuldur Þráinsson 2007:334). Leppar með áhrifssögnum fyrirfinnast t.d. einnig í þýsku (sama rit:333, nmlsgr. 21).

leppsinnskot löngu áður en leppir verða algengir í íslensku, og löngu áður en mikið dregur úr stílfærslu og núlliðir hverfa. Þar kemur hins vegar upp spurningin um erlend áhrif á innkomu leppa í íslensku og má vel vera að eitthvað sé hæft í því. Athugunin hér leiðir þó í ljós að ekki er hægt að tengja öll tilvik leppa í textanum áhrifum frá enska frumtextanum því að ekki eru alls staðar notaðir leppir í frumtextanum þar sem hann birtist í þýðingunni (sbr. dæmi (41d) og (43)) og ekki eru heldur alltaf leppir í íslenska textanum þar sem þeir eru í frumtextanum (sbr. dæmi (26), (27a) og (42)). Einnig vakti athygli að a.m.k. eitt sannfærandi dæmi skyldi finnast um *þar* lepp, en um *þar*-leppi, þ.e. að þeir geti haft annað hljóðform eins og hálf-gildingsrökliðirnir í t.d. hollensku, ensku og dönsku, virðist ekki hafa verið fjallað í tengslum við íslensku fyrr. Jón Helgason (1948) nefnir þó tvö dæmi um slíka leppi í *Nikulási Klím* frá því fyrir miðja 18. öld og tengir það áhrifum frá dönsku.

Niðurstaðan af þessari athugun á texta elstu leppsðæma sem tilfærð hafa verið er því í megindráttum sú að í fyrsta lagi sjáist ekki bein merki þess að tengsl séu milli mál-breytinganna þriggja stílfærslu, *það*-innskots og núlliða, í öðru lagi að fyrstu dæmi um leppi í íslensku takmarkist ekki við aðalsetningar og kynningar (en hins vegar að þau takmarkist við áhrifslausar sagnir), í þriðja lagi að ekki sé alfarið um erlend áhrif að ræða (og slík áhrif eru reyndar dregin í efa), og í fjórða og síðasta lagi að finna megi dæmi um *þar*-leppi sem yfirleitt er talið að komi ekki fyrir í íslensku.

Textar

Miðaldaævintýri = Miðaldaævintýri þýdd úr ensku. 1976. Einar G. Pétursson bjó til prentunar. Rit 11. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.

Nikulás Klím. 1948. Ludvig Holberg. Íslensk þýðing eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík (1745). Jón Helgason bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Tilvísanir

Adger, David. 2004. *Core Syntax. A Minimalist Approach.* Oxford University Press, Oxford.

Einar G. Pétursson. 1976. Inngangur. *Miðaldaævintýri þýdd úr ensku*, bls. vii-civ. Rit 11. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1990a. *Um orðaröð og færslur í íslensku.* Málfræðirannsóknir 2. bindi. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1990b. „Null Objects in Icelandic“. *Modern Icelandic Syntax*, 367-379. Syntax and Semantics 24. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.). Academic Press, California.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1994-1995. „Breytileg orðaröð í sagnlið“. *Íslenskt mál* 16-17:27-66.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1998. „Heimildatúlkun í sögulegri setningafræði“. *Greinar af sama meidi*, bls.

- 317-334. Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Örnólfur Thorsson (ritstj.). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík. [Einnig í gagnavarpinu: <http://www.hi.is/~eirikur/heimtulk.pdf>; blaðsíðutal miðast við þá gerð.]
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2002. „Það í fornu máli — og síðar“. *Íslenskt mál* 24:7-30.
- Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson. 1990. „On Icelandic word order once more“. *Modern Icelandic Syntax*, bls. 3–40. Syntax and Semantics 24. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.). Academic Press, California.
- Falk, Cecilia. 1993. *Non-referential subjects in the history of Swedish*. Department of Scandinavian Languages, University of Lund.
- Friðrik Magnússon. 1990. *Kjarnafærsla og það-innskot í aukasetningum í íslensku*. Málfræðirannsóknir 1. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson. 2004. „Stylistic Fronting“. *Studia Linguistica* 58:88-134.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1992. *Verbal syntax and case in Icelandic*. In a Comparative GB Approach. Institute of Linguistics, University of Iceland, Reykjavík.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1994. *Um frásagnarumröðun og grundvallarorðaröð í forníslensku, ásamt nokkrum samanburði við nútímamál*. Málfræðirannsóknir 7. bindi. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Holmberg, Anders. 2000. „Scandinavian Stylistic Fronting: How any category can become an expletive“. *Linguistic Inquiry* 31:445-483.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Handbók um íslenska setningafræði. Íslensk tunga III. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge Syntax Guides. Cambridge University Press, Cambridge.
- Jakob Jóhannes Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Gefið út með styrk úr sáttmálasjóði Háskóla Íslands. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík. [Endurpr. 1987 í ritröðinni: Rit um íslenska málfræði 3. Málvísindastofnun Háskóla Íslands.]
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1991. „Stylistic Fronting in Icelandic“. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 48:1-43.
- Jón Helgason. 1948. Inngangur og athugasemdir. *Nikulás Klím*, bls. V-XVIII og 267-316. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Maling, Joan. 1980. „Inversion in embedded clauses in Modern Icelandic“. *Íslenskt mál* 2:175-193.
- Þóra Björk Hjartardóttir. 1993. *Getið í eyðurnar*. Um eyður fyrir frumlög og andlög í eldri íslensku. Málfræðirannsóknir 6. bindi. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þorbjörg Hróarsdóttir. 1998. *Setningafræðilegar breytingar á 19. öld*. Þróun þriggja málbreytinga. Málfræðirannsóknir 10. bindi. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.